

# Hverfisráð Hríseyjar

## 146. fundur

Þriðjudaginn 2. september 2021 kl. 20:30 var haldinn 146. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Ólafur Búi Ólafsson.

### Dagskrá:

#### 1. Staða á verkefnum

Farið yfir stöðu verkefna sem hverfisráð hefur verið að vinna að, í tengslum við framkvæmdafé, ljósleiðara og fleira. Umræður og undirbúningur fyrir fund með umhverfis- og mannvirkjasviði.

#### 2. Fundaráætlun

Hverfisráð er ánægt með það fyrirkomulag að bæjarfulltrúar tengist við eða mæti á fund hverfisráðs og óskar eftir að halda því áfram. Ákveðið að setja upp fundaráætlun og mun hverfisráð funda fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 20:30.

#### 3. Önnur mál

- a. Tekið fyrir bréf sem hverfisráði barst.
- b. Hverfisráð ætlar að setja af stað vinnu við markaðssetningu á búsetu í Hrísey.
- c. Hverfisráð ætlar að finna tíma fyrir heimsókn í ráðhúsið á Akureyri. Formanni falið að hafa samband við bæjarstjóra og skipuleggja heimsókn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22

Ingólfur Sigfússon  
Júlía Mist Almarsdóttir  
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð rituð af Ingólfi Sigfússyni